

Til bæjarstjórnar og bæjarstjóra Fjarðabyggðar
(Að gefnu tilefni ekki til fjallskilanefndar)

Smölun ágangsfjár í landi Óseyrar án vitundar eða samþykkis landeiganda

Þann 20. júní sl. sendi Lögreglustjóri Austurlands sveitafélaginu bréf þar sem segir að það sé hlutverk sveitafélagsins að sinna smölun ágangsfjár og að ekki reyni á hlutverk lögreglunnar nema að sveitafélagið sinni ekki skyldu sinni skv. 33. gr. laga nr. 6/1986 um afréttamálefni, fjallskil o.fl.

Til að meta hvort sveitafélagið sé að sinna skyldu sinni spyr Lögreglustjóri Austurlands sveitarfélagið nokkurra spurninga, þar á meðal:

1. Er vitað hvaðan búfénaðurinn kemur og hver sé eigandi þess?
2. Er vitað hvort búfénaðurinn kemur af afrétt eða heimalandi?

Þessum spurningum Lögreglustjóra Austurlands hefur sveitafélagið ekki enn svarað. Það er því ólíklegt að fjallskilanefnd sem fékk það hlutverk að svara þessum spurningum hafi ekki haft þetta í huga þegar land Óseyrar var smalað. Það er einnig ótrúverðugt að gangnastjóri hafi ekki þessara upplýsinga á reiðum höndum ef eftir þeim er óskað.

Gangnastjóri skipaður af fjallskilanefnd er Arnór Ari Sigurðsson frá Þverhamri í Breiðdal. Hann er jafnframt varaformaður fjallskilanefndar og sá aðili sem við höfum ítrekað bent á að eigi líklega megnið af því ágangsfé sem hefur verið í landi okkar. Samkvæmt okkar upplýsingum smalaði Arnór ásamt tveim öðrum aðilum búsettum á Þverhamri, land Sels sem liggur milli okkar lands og þorpsins, land Óseyrar og svæðið í kringum golfvöllinn þann 23 eða 24. ágúst. (sjá kort af því landi í viðhengi sem var smalað).

Þetta var augljóslega ekki almenn smölun, heldur sértæk smölun á litlum hluta lands í Stöðvarfirði og voru fyrir utan boðaðar tímasetningar í gangnaseðli. Það er því rangt sem haldið er fram í svarbréfi sveitafélagsins til okkar að þetta hafi ekki verið smölun á afmörkuðu svæði.

Úr smöluninni kom 41 kind í réttina inn við Stöð. Eftir þessa smölun var ein tvílembd kind eftir á landi okkar, en tugir fjár hafði verið þar alla daga frá 10. júní, er við sendum sveitafélaginu fyrst beiðni um smölun ágangsfjár.

Í svari starfsmanns Fjarðabyggðar frá 19. október er sagt **að göngur séu skipaðar þeim sem eiga fjárvon og tóku þeir það fé úr réttum.** Þar sem einungis Arnór Ari og tveir aðilar tengdir honum tóku þátt í þessari smölun hlýtur hann þá að hafa átt það fé sem smalað var inn í rétt, ef hann lét enga aðra vita að þeir ættu þar fé.

Þá er það einnig rangt, sem kemur fram í bréfi sveitastjórnar, að smölunin á þessum tíma sé samkvæmt "hefð". Ég hef rætt þetta við eldra fólk á Stöðvarfirði og það kannast engin við að það hafi verið smalað með þessum hætti á þessum tíma í Stöðvarfirði áður. Svo virðist sem starfsmaður Fjarðabyggðar hafi beinlínis farið með rangt mál í svari til okkar þann 20. september og 19. október sl.

Við óskum eftir nánari upplýsingum frá Fjarðabyggð um þessa svokölluðu hefð. Það hljóta að vera til skráðar upplýsingar hjá sveitafélaginu yfir smalanir, sem hafa skapað þessa hefð, þ.e. að smala löngu fyrir boðaðar tímasetningar í gangnaseðli.

Af fenginni reynslu höfum við enga trú á störfum Fjallskilaneftndar í þessu máli eða því að við fáum nokkurn tímann réttláta málsmeðferð hjá þeirri nefnd.

Við förum fram á að bæjarstjóri hafi samband við gangnastjóra og fái staðfestingu á því hvaða svæði í Stöðvarfirði var smalað, hver smalaði með honum, fjöldi fjár sem kom í réttina við Stöð, hvar féð var og hverjir reyndust eigendur þess.

Viljum vekja athygli bæjarstjórnar á því að engum er heimilt að æða inn á annars manns land og smala þar búfé, þó svo hann telji sig eiga þar skepnu. Slík smölun getur eingöngu átt sér stað vegna beiðni landeigenda til sveitastjórnar eða lögreglu, um að smala ágangsfé, í samræmi við ákvæði afréttalaga, eða sé árleg smölun til haustrétta sauðfjáreigenda. Aðrir sem vilja leita að búfé í annars manns landi þurfa óskorað leyfi landeiganda, sem ekki var beðið um og því ekki til staðar. Til viðbótar því að vera yfiringangur og dónaskapur, væri það lögbrot.

Við óskum eftir að fá umbeðnar upplýsingar og að þær verði einnig sendar á Lögreglustjóra Austurlands, en afrit af þessu bréfi er sent á embættið.

Virðingarfyllt,

Ívar Ingimarsson og Hrefna Arnardóttir